

Tillögur að áætlun um úttekt á stöðu vaktstöðvar siglinga innan Landhelgisgæslu Íslands

1. Að yfirfara og ljúka gerð starfslýsinga.

Tryggt skal að starfslýsingar séu til um öll störf. Í starfsmannasamtölum sem fram munu fara á tímabilinu frá febrúar til maí 2008 skulu starfslýsingar gerðar og allar eldri starfslýsingar yfirfarnar og/eða útfærðar þar sem við á. Samþykktar starfslýsingar eru forsenda þess að unnt sé að gera úttekt á stöðu vaktstöðvar siglinga innan Landhelgisgæslu Íslands.

2. Starfsskipulag vaktstöðvar siglinga.

Í kjölfar, og að einhverju leyti samhliða gerð starfslýsinga mun starfsskipulag innan vaktstöðvar siglinga yfirfarið og endurskipulagt. Verður þá sérstaklega tekið til skoðunar að ákveðnir aðilar verði skilgreindir sem vaktstjórar, þar af einn sem staðgengill aðalvarðstjóra. Vaktstjórar verða þá stýrendur vakta og gerðar verða sérstakar kröfur til þeirra aðila. Einnig mun í starfsskipulagi verða útlistað hvernig framgangur manna verður með tilliti til þjálfunar og vinnu á einstaka vinnustöð innan vaktstöðvar siglinga.

3. Úttekt á stöðu vaktstöðvar siglinga innan Landhelgisgæslu Íslands.

Að loknum tveimur fyrri skrefum þessarar áætlunar mun fara fram formleg úttekt á stöðu vaktstöðvar siglinga innan þeirrar heildar sem Landhelgisgæslan samanstendur af. Tilgangurinn er að greina stöðu, ábyrgð og umfang vaktstöðvar siglinga innan Landhelgisgæslu Íslands. Niðurstaða þessarar úttektar er meðal annars grundvöllur til endurmats á því hvort sérstaklega þurfi að endurskoða laun, á hvaða hátt sem er.